

Menntarannsóknasjóður

Rannsóknaráherslur 2025

1. Gæði kennslu - Rannsóknunum í þessum flokki er ætlað að varpa ljósi á árangursríka kennsluhætti sem reynast vel til að styðja við byrjendalæsi í leikskólum og bæta lestrarfærni, námsárangur og námsáhuga barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum:

Efling málþroska og byrjendalæsi á leikskólastigi er mikilvæg undirstaða lestrarfærni seinna á lífsleiðinni og hefur færni barna og ungmenna í lestri áhrif á færni þeirra á öðrum námssviðum. Á undanförunum árum hafa rannsóknir á íslensku skólastarfi, þá sérstaklega grunnskólum, sýnt að gera þurfi betur. Í PISA 2022 mælist hæfni íslenskra grunnskólabarna lakari en meðaltal OECD ríkja í stærðfræði, læsi og náttúrufræði. Kennslan er í kjarna hvers menntakerfis og hefur afdrifarík áhrif á nám og grunnfærni nemenda. Rannsóknir á vegum Efnahagssviðs OECD benda til þess að gæði kennslu sé sá þáttur sem hefur mest áhrif á niðurstöður PISA, enda er kennsla kjarni hvers menntakerfis. Norræna QUINT rannsóknin varpar ljósi á kennsluhætti í norrænum skólastofum en niðurstöður hennar benda á nauðsyn þess að styrkja kennsluhætti í íslenskum skólastofum. Í grunnskólum á Íslandi eru nokkrar lestrarkennsluaðferðir sem kennarar beita. Mikilvægt er að kennarar í hverjum skóla séu samstíga í þeim aðferðum sem nýttar eru við lestrarkennslu og þörf á rannsóknunum sem varpa ljósi á árangur ólíkra lestrarkennsluaðferða. Auk þess er mikilvægt að starfshættir leikskóla styðji við málþroska og byrjendalæsi ungra barna og þörf á rannsóknunum þar á.

2. Líðan barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi - Rannsóknunum í þessum flokki er ætlað að varpa ljósi á hvernig við getum best eftt félags-, tengsla og tilfinningafærni meðal barna og ungmenna:

Félags- og tilfinningafærni er mikilvæg undirstaða farsæls náms og þroska og veigamikill þáttur geðræktarstarfs í skólum. Hún snýr m.a. að því að geta skilið og tekist á við eigin tilfinningar, átt farsæl samskipti og tengsl við aðra, sett sér markmið og tekið ábyrgar ákvarðanir. Rannsóknir sýna að markviss efling félags-, tengsla og tilfinningafærni meðal barna og ungmenna hefur jákvæð áhrif á flest sem viðkemur skólastarfi, svo sem hegðun, námsárangur, skólasókn, samskipti og skólabrag. Þessa færni þarf að kenna og æfa kerfisbundið rétt eins og lestur og ritun og því mikilvægt að hún fái fastan sess í skipulagi kennslu og skólastarfs á öllum skólastigum. Jafnframt þarf að tryggja að kennarar hafi þekkingu og færni til að kenna og styðja við slíka færni í gegnum kennaranám sitt og starfsþróun. Þrátt fyrir að nýjustu rannsóknir sýni jákvæða þróun á líðan barna og ungmenna eru teikn á lofti um að ákveðnir hópar eigi undir högg að sækja.

3. Stafrænt umhverfi barna og ungmenna - Rannsóknunum í þessum flokki er ætlað að varpa ljósi á hvernig við getum betur stutt við hæfni barna og ungmenna til að athafna sig í umhverfi þar sem gervigreind og aðrar stafrænar lausnir eru notaðar á fjölbreyttan og oft ófyrirsjáanlegan hátt:

Mikilvægt er að börn, ungmenni búi yfir færni til að fóta sig í síbreytilegum stafrænum heimi, þekki réttindi sín og skyldur og verði ábyrgir og öruggir stafrænir notendur. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2024 og könnunarinnar Börn og netmiðlar 2023 benda til að notkun nemenda í 4.-10. bekk grunnskóla og framhaldsskólum á samfélagsmiðlum sé mikil. Nemendur á öllum skólastigum og á öllum aldri þurfa að þekkja til siðferðilegra sjónarmiða sem gilda í stafrænum heimi og hafa mannréttindi og gagnrýna hugsun að leiðarljósi við notkun miðlanna.

4. Skapandi og gagnrýnin hugsun - Rannsóknunum í þessum flokkir er ætlað að varpa ljósi á hvernig við getum best stutt við skapandi og gagnrýna hugsun barna og ungmenna:

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar sýna að íslenskir nemendur eru jákvæðir gagnvart sköpun og eigin sköpunarkrafti en um leið að hlutfallslega færri búi yfir grunnfærni í skapandi hugsun miðað við jafnaldra í ríkjum OECD. Eitt af meginhlutverkum menntastofnana er að stuðla að þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu samfélagi sem er í sífelldri þróun. UNESCO leggur áherslu á mikilvægi listgreinamenntunar sem hluta af almennri menntun, m.a. til að efla lestrarfærni, samstarfshæfni, og skapandi og gagnrýna hugsun nemenda. Til að takast á við áskoranir morgundagsins þarf að efla hjá nemendum gagnrýna hugsun, skapandi nálgun og heimsborgaravitund til að þeir geti með upplýstum og ábyrgum hætti myndað sér skoðanir og tekið ákvarðanir sem eru þeim og öðrum til framdráttar.

5. Náms- og félagsumhverfi barna og ungmenna – Rannsóknunum í þessum flokki er ætlað að varpa ljósi á þá þætti í námsumhverfi barna og ungmenna sem skipta mestu máli fyrir líðan og nám þeirra:

Námsumhverfi lýtur að þáttum eins og stærð rýma, hljóðvist, lýsingu, loftgæðum og búnaði en einnig að félagslegu og huglægu umhverfi eins og skólabrag, kennsluháttum og viðmóti kennara og starfsfólks. Allt þetta getur haft áhrif á og stuðlað að því að börn og ungmenni búi við umhverfi sem styður við nám þeirra og vellíðan. Það er því mikilvægt að skoða þætti sem hafa áhrif á náms- og félagsumhverfi. Nýlegar rannsóknir benda til þess að breytinga sé þörf á starfsháttum skóla er varða stuðning og efla þurfi undirbúning og fræðslu alls starfsfólks skóla, en einkum stuðningsfulltrúa sem oft er falin meginábyrgð á stuðningi við nemendur með miklar stuðningsþarfir.

6. Menntun fatlaðra barna – Rannsóknunum í þessum flokki er ætlað að stuðla að umbótum í kennslu og þjálfun fjölfatlaðra barna á grunnskólastigi og efla tækifæri þeirra til áframhaldandi náms og þroska:

Í samræmi við markmið Sunnusjóðs er áhersla lögð á mikilvægi þess að styðja við rannsóknarverkefni sem miða að því að bæta gæði kennslu og námsumhverfis fjölfatlaðra barna, og vinna að þróun þekkingar og lausna sem stuðla að auknu aðgengi, jöfnuði og árangri í menntun fjölfatlaðra barna. Styrkhæf verkefni geta meðal annars falið í sér vísindalegar rannsóknir á kennsluaðferðum, námsumhverfi og stuðningsúrræðum í námi fyrir fjölfötluð börn, greiningu á áhrifum einstaklingsmiðaðrar og inngildandi kennslu á námsframvindu fjölfatlaðra barna, þróun og mat á nýjum nálgunum, tæknilausnum eða fræðsluefni sem miða að því að bæta kennslu og námsskilyrði eða samstarfsverkefni milli fræðasamfélagsins og skólastofnana sem stuðla að gagnreyndri þróun í skólastarfi fjölfatlaðra.